

- 59 2. Að styðja að endurbótum eða stækkun sjúkraskýlisins og þegar fært þykir, að
3. apríl 3. Að dómi lækna, að létta undir rekstrarkostnað þess, eða styðja að bættum heilbrigðis- og hollustuháttum á Akranesi, eftir tillögum lækna og heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sjóðinn skal varðveita í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal helmingur vaxta árlega lagður við höfuðstól, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórn sjóðsins til ráðstöfunar, eftir því sem segir í 2. grein.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa undirritaðar dætur stofnenda hans, meðan tvær þeirra eru á lífi og eiga heima á Akranesi, en eftir það fer stjórn sjúkraskýlisins á Akranesi með stjórn sjóðsins.

Nú er stjórn sjúkraskýlisins óskipuð, er dætur sjóðstofnenda fá eigi haft sjóðstjórnina á hendu, og fara lækna á Akranesi þá með stjórn sjóðsins til bráðabirgða. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
Hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps kýs tvo endurskoðendur reikninga hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungsvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Petrea G. Sveinsdóttir. Ingunn Sveinsdóttir. Matthildur Sveinsdóttir.

REGLUGERÐ

breyting á reglugerð nr. 75 22. maí 1939, fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru. Þó getur skólastjóri látið niður falla próf í söng og smíðum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1941.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.